



Fornleifaskráning í Akrahreppi Dýrfinnustaðir og Hjarðarhagi



Bæjarhóll á Brekkukoti (ytra)

Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga

2008/84



© Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2008/84

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Aðferð við skráningu.....	4
Helstu minjaflokkar.....	4
Dýrfinnustaðir	8
Ágrip af sögu Dýrfinnustaða	8
Náttúrufar og jarðabætur	8
Bæjarnafnið.....	11
Fornleifaskrá	12
Hjarðarhagi / Brekkukot (ytra)	22
Ágrip af sögu Hjarðarhaga og Brekkukots (ytra).....	22
Náttúrufar og jarðabætur	23
Fornleifaskrá	25
Samantekt	36
Minjar og varðveislugildi	36
Fjöldi fornleifa á jörðunum	36
Fornleifar í landi Dýrfinnustaða	36
Fornleifar í landi Hjarðarhaga	37
Minjar sem hafa sem henta vel til rannsókna eða kynningar	37
Niðurlag	37
Heimildaskrá	38
Fylgiskjöl	39

Inngangur

Sumarið 2007 var gerður samningur milli Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga og hreppsnefndar Akrahrepps um skipulagða fornleifaskráningu innan hreppsins. Skráningar einstakra fornleifa og afmarkaðra svæða í tengslum við ýmsar framkvæmdir, s.s. lagningu vega og hitaveitu höfðu áður farið fram víða í hreppnum, en aldrei heildarskráning einstakra jarða. Í fyrsta áfanganum voru skráðar fimm jarðir, Silfrastaðir, Úlfsstaðir, Kúskerpi, Djúpidalur og Torfmýri og nú árið 2008 koma út tvær skýrslur fyrir fjórar jarðir til viðbótar annars vegar Stóru-Akra og Flugumýri og hins vegar Hjarðarhaga og Dýrfinnustaði.

Markmið heildarskráningar af þessu tagi er að skrá allar fornminjar sem tengjast einni jörð og nýtingu hennar, minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja o.s.frv. og reyna með því að öðlast nokkra yfirsýn yfir þær minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi. Auk þess að gefa mikilvægar upplýsingar um landnýtingu og byggðaþróun fyrri alda, er fornleifaskráning mikilvægt tæki til minjaverndar og nauðsynlegur undanfari aðalskipulagsgerðar innan hreppsins. Skráning vegna skipulags eins og hér um ræðir takmarkast þó við landamerki núverandi jarða og þar sem jörðum hefur verið skipt niður í smærri einingar á seinni öldum er hætt við að eitthvað kunni að vanta í heildarmyndina.

Vettvangsvinna var í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar og Bryndísar Zoëga. Skýrslu- og kortagerð var í höndum Guðmundar, en yfirumsjón með verkinu hafði Guðný Zoëga deildarstjóri Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga.

Ábúendum Hjarðarhaga og Dýrfinnustaða þökkum við leyfi til skráningar og fyrir veittar upplýsingar um byggingar og búshætti á jörðinni.

Á Dýrfinnustöðum Ingólfi Helgasyni (f. 1969) og Unni Sveinbjörnsdóttur (f. 1973), á Hjarðarhaga Hjördísi Gísladóttur (f. 1957) og Sigurjóni B. Pálmasyni (f. 1958).

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum meggi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir meggi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna

þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hversrar jarðar, þannig er bæjarstæði Dýrfinnustaða nr. 1. Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins. Til dæmis er kennitala fyrir Dýrfinnustaðir -1, 10540.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. bústaður, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túns eða í nágrenni þess séu í einhverri hættu vegna ábúðar á jörðinni en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnjaski. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vefslóðinni <http://fornleifavernd.is/index.php?pid=161>.

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í töflu aftast í skýrslunni. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Staðsetning minja er sett inn á hnitaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Endurgerð upprunalegra túnakorta og yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, lengd og breidd, hættumat og hættuorsök, auk þess er aldur minjanna gróflega áætlaður yfirleitt er þó rétt að hafa mikinn fyrirvara á sér hvað slíkt varðar séu ekki um það beinar heimildir. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta

gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftedleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrindir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Aðrar minjar

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni

þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugar/dys/kumlateigar: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir, sem eru litlar réttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfarur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Náthagar eru frá tíma fráfarana. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Náthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnáms tíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir

fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Við sjó

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað

Dýrfinnustaðir

Dýrfinnustaðir eru ysti bær í Blönduhlíð og eiga land upp á fjallsbrún að austan að, Hjarðarhaga að sunnan, Ytri-Brekkum að vestan og Svaðastöðum að norðan um Kyrfisá sem jafnframt skiptir merkjum milli Akrahrepps og Viðvíkurhrepps.



Mynd 1, Dýrfinnustaðir, horft til norðvesturs. .

Ágrip af sögu Dýrfinnustaða

Dýrfinnustaðir koma fyrir í Sturlunga sögu, þar segir frá því þegar Brandur Þorsteinsson vegur Vermund Tumason á Ökrum, frænda Kolbeins unga. Brandur flýr eftir vígið til Dýrfinnustaða ásamt föður sínum. Í Sturlungu segir orðrétt:

„Fóru þeir feðgar þá brott og námu staðar í nautahlöðu á Dýrfinnustöðum. Þar bjó þá Kollsveinn Karf -Helgason. Kolbeinn spurði þegar um nóttina áverkann en Vermundur lést drottinsdaginn. Var þá sent eftir Bersa bróður hans vestur til Móbergs. Kom hann á Flugumýri og hafði sanna njósn af hvar þeir Brandur voru og var Brandur þar handtekinn í hlöðunni og varðist vel áður og særður mörgum sárum. Síðan leiddu þeir hann út og varð vel við og vó Bersi að honum. Þorsteinn faðir Brands fór með þeim og gaf Kolbeinn honum grið.“¹

Náttúrufar og jarðabætur

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vestasti hluti Dýrfinnustaðalands má heita algróið og grösugt valllendi. Bærinn stendur ofarlega, uppi undir fjallshlíð, og eru megintún jarðarinnar niður frá bænum, beggja vegna heimreiðar og á framræstu mýrlendi alllangt út og niður frá bænum. Neðsti hluti fjallshlíðarinnar er allvel gróinn út og upp frá bænum en síðan taka við melar og hjallar með lyngi og graslaugum á milli. Er þetta fornt berghlaup og ná þessir

¹ Sturlunga Saga I. Reykjavík; Svart á hvítu, 1988. Bls. 428.

framhlaupshólar talsvert lengra niður í ysta hluta landsins, útundir Kyrfisá. Landstærð neðan fjallsbrúnar er 156 ha.“²

Dýrfinnustaðir koma eins og áður er frá greint fyrir í ráðsmannsreikningi Hólastaðar frá árinu 1388, þar sem byggingar á jörðinni virðast metnar á 3 hundruð og 12 ½ álnir vaðmáls.³ Í skrá um kúgildi, landskuld og „eldi“ á jörðum Hólastaðar frá 1449 eru kúgildi talin 9, en landskuld 3 hdr.⁴ Þá kemur fram að Hólastaður á 2 kýr og 4 kvígur á öðrum vetri í eldi á Dýrfinnustöðum.⁵

Næst koma Dýrfinnustaðir fyrir í skrá yfir eignir Hólastóls frá árinu 1550. Kúgildi eru þá 8 og landskuld komin niður í 2 hdr.⁶ Í reikningi Hólastóls frá 1569 eru kúgildin komin niður í 7 en landskuldin óbreytt, 2 hdr.⁷ Ári seinna 1570 eru kúgildin sögð sex og hálf.⁸

Í jarðabókum frá árinum 1686 og 1695 er jörðin skráð í eigu Hólastóls, metin á 40 hdr., landskuld 2 hdr. og kúgildi 6.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 eru Dýrfinnustaðir⁹ enn í eigu Hólastóls, metnir á 40 hdr. Landskuld 1 ½ hdr. síðastliðin 7 ár, en fyrir það¹⁰ 2 hdr. og skildi borgast í fóðri að andvirði 40 til 60 álna og „hitt í landaurum heima á jörðunni.“ Leigukúgildi 6, greitt í smjöri til stólsins. Kvaðir engar. Áhöfn á þessum tíma eru 5 kýr, 1 veturgamalt naut, 80 ær, 17 sauðir tvævetrir og eldri, 30 veturgamlir, 4 hestar, 3 folar, tveir tveggja vetra og einn veturgamall, 8 hross, 2 unghryssur og 3 „fyl“. Jörðin er þá sögð kunna fóðra 3 kýr, 1 ungneyti, 30 lömb en hinu verði að voga á útigang. Um kosti og galla jarðarinnar segir: „Torfrista og stúnga bjargleg og reiðingsrista fyrir heimanauðsyn. / Móskurður hefur verið, brúkast ei. / Hætt er kvikfje fyrir foröðum og holgryfjulækjum.“¹¹

Jarðirnar Dýrfinnustaðir og Brekkukot voru seldar saman á uppboði Hólastólsjarða árið 1802, og fylgdi þeim saman 2 kúgildi. Kaupverðið var 231 ríkisdalir og skuld 16. Árið 1849 er túnið talið „hér um bil 10 dagsláttur, allt, mjög þýft og seinunnið og fremur deiglent. Í meðallagi grasgefið eftir stærð en taða rýrnar þar mjög við þurrk. Fóðrar til jafnaðar 2 kýr og hálfa. Engjar eru mestpart greiðfærar, hérumbil jafnmikið af þeim þurrt og vott, sjálfhægar en fremur snöggglendar og gefa allgott hey. Sumarhagar eru sæmilega góðir en útbeit lakari því beitolandið er svo lagað til fjallsins að það leggur fljótt undir á vetrum og jörðin fremur landlítil. Torfrista er hér til heimilisþarfa. Að athuguðu ásigkomulagi jarðarinnar ætlast henni að framfæra í meðalári með sæmilegri hirðingu af þeim peningi sem jörðin sýnist best löguð fyrir 2 kýr og hálfa, 56 ær, 36 sauði og 27 lömb, er samgildir 15 hundruðum.“¹² Í jarðabók frá árinu 1861 segir að forn hundraðatala Dýrfinnustaða sé 40 en ný 21.3.¹³

² Byggðasaga Skagafjarðar IV. Bls. 58.

³ „af dyrfinna stöðum. ccc. i vadmalum. h[alft] huart“ DI III, bls. 409.

⁴ „Jtem divrfinnastadom ix kvgyllde l. iij.“ DI V, bls. 36.

⁵ DI V, bls. 42.

⁶ „Med Dýrfinnastöðum.viij. kugillde. landskyllid.ij. c.“ DI XI, bls. 859.

⁷ „Med Dyrfinnastodum landsk..ij. c. med túndum kug. vij.“ DI XV, bls. 223.

⁸ DI XV, bls 457.

⁹ Þar ritað Dyrfinnastader.

¹⁰ Líklega fyrir 1702, þar sem Páll fóru um Skagafjörð 1709.

¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930. Bls.194-195. Hér eftir JÁM IX.

¹² Jarðamat 1849 nr. 207, sbr. Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 60.

¹³ Ný jarðabók fyrir Ísland, samín eftir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1 aprílmánaðar 1861. Gefin út af Jarðabókaútgáfunni. Kaupmannahöfn: J.H. Schulz's prentsmiðja. 1861. Bls. 104.

Til útskýringar á því hvað fellst í þessum tölum er eitt kúgildi verðmæti einnar kýr á aldrinum 4-8 vetra sem borið hefur a.m.k. tvisvar, en þetta jafngildir sex ám með lömbum.¹⁴ Leigukúgildi, er það sem fylgja hefur átt jörðinni (hús, húsbúnaður eða búfénaður) að andvirði uppgefnum leigukúgildum. Leigjandinn hefur þá þurft að borga leigu af þessum verðmætum, oft var það borgað með smjöri til landeiganda eða skepnur fóðraðar uppí kostnaðinn. Landskuld er hins vegar leigan á landinu sjálfu og er oftast talin í svokölluðu löngu hundraði og álnum. Eitt (langt) hundrað jafngildir þá 120 álnum. Alin er lengdarmælieining, 114 sentimetrar, og vísar í verðmæti 114 sentimetra af spunninni ull.¹⁵ Eitt langt hundrað jafngildir einnig einu kúgildi.¹⁶ Landskuld var oftast tekin af jörðum í hlutfallinu 20:1 af verðmæti jarðarinnar, þ.e. 5% skattur.¹⁷ Það er því hægt að fá ákveðna hugmynd um verðmæti jarða útfrá upplýsingum um landskuld, þótt fleira geti haft áhrif.

Ef við lítum yfir sögu Dýrfinnustaða sjáum við að landskuldin er 3 hdr. árið 1449 og líklega líka árið 1388, hún er hinsvegar komin niður í 2 hdr. árið 1550 og helst óbreytt fram til ársins 1702 (samkv. jarðabók Á. M.) en fer þá niður í 1 ½ hdr. og helst þannig a.m.k. til 1709 þegar Árni og Páll eru í Skagafirði. Engar upplýsingar koma fram um sjálft jarðamatið fyrr en hjá Árna og Páli sem þá er sagt 40 hdr. En miðað við landskuld í hlutfallinu 1:20 (þ.e. 5%) gætu Dýrfinnustaðir hafa verið metnir á 60 hdr árið 1388 og einnig 1449, en 40 hdr. árið 1550 og fram til 1702. Jarðamatið er 40 hdr. 1709 eins og áður segir en er fært niður í 21,3 hdr. árið 1861. Það er í það minnsta ljóst að landskuld leigjenda Dýrfinnustaða lækkaði gríðarlega frá miðri 15. öld og fram að upphafi 18. aldar, eða um helming og freistandi er að álykta að það endurspegli að einhverju leyti stærð eða ástand jarðarinnar.

Árið 1918 var túnið talið 351 ari, að fjórðungi slétt og í góðri rækt. Gefur af sér 100 hesta. Engjar snögglendir, samfelldar, þurrar og votar og sumt innan um bithaga. Gefa af sér 300 hesta. Engjavegur slæmur. Beitiland gott, skjólsamt, snjólétt og vorgott. Hrossbeit góð á vetrum. Hús gömul en stæðileg. Jörðin er í leiguabúð og landskuld 8 sauðir veturgamlir. Landið er metið á kr. 2.880, hús á kr. 760, þar af eign leiguliða kr. 260, tíu ára umbætur á kr. 160. Samtals kr. 3.800.¹⁸ Árið 1922 var jörðin metin á kr. 4.400¹⁹, árið 1932 á kr. 3.800²⁰, árið 1938 á 3.200²¹, árið 1966 á kr. 1.073.000, árið 1985 á kr. 2.074.000 og árið 2000 á kr. 9.768.000²².

Jörðin er eins og áður segir 156 ha. og þar af eru í dag 28,4 ha tún. Um 40% er vel gróið, en 60% lítið eða ógróið.²³

¹⁴ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða? “. *Vísindavefurinn* 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

¹⁵ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða? “. *Vísindavefurinn* 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

¹⁶ Björn Lárusson. *The old Icelandic land registers*. Lund : Gleerup, 1967.

¹⁷ Björn Lárusson. *The old Icelandic land registers*. Lund : Gleerup, 1967.

¹⁸ Jarðalýsing 1918, sbr. Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 60.

¹⁹ Fasteignabók – Löggilt af Stjórnarráði Íslands samkv. Lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík: Prentsmiðjan Acta. 1921.bl. 123.

²⁰ Fasteignabók – Löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. Lögum nr. 41. 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. 1932.

²¹ Fasteignabók – Löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3. 6. jan. 1938. Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. 1942-1944. Bls.


²² sbr. *Byggðasaga Skagafjarðar IV*. Bls. 60.

²³ sbr. *Byggðasaga Skagafjarðar IV*. Bls. 58.

Bæjarnafnið.

Um bæjarnafnið segir Hannes Þorsteinsson í Rannsókn og leiðréttingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi: „Dýrfinnustaður. Svo í Sturlungu. Dýrfinna- í Fbrs. III., V., Jb. 1696, Á.M. o.s.frv. afbökun, enda er mannsnafnið Dýrfinni óþekkt.“ (Árbók hins ísl. fornleifafélags, 1923.) Samkvæmt þessu er Dýrfinnustaðir rétt ritun á nafni jarðarinnar.

Fornleifaskrá



Loftmynd 1, túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1919 af Dýrfinnustöðum lagt yfir loftmynd frá Loftmyndume hf., kortagerð GSS. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer hverrar fornleifar innan skýrslunnar, þ.e. aftasta talan í heildarnúmerinu. 1) Bær; 2) fjós; 3) „Lambhús“ fjárhús; 4) „Ærhúsgerði“ fjárhús; 5) „Traðarhús“ hesthús; 6) Heimreið.

Dýrfinnustaðir – 1

Hlutverk: Bær

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 484036 N 573209

Ástand: Horfinn

Hættumat: Lítil hættu. Engar sýnilegar minjar eru í hættu, en minjar eru mjög líklega undir yfirborði á þessu svæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Gamli bærinn á Dýrfinnustöðum var rétt ofan við íbúðarhús nútímans (2005)“ (ÖRI: 7).

Lýsing:

Allar minjar um bæinn eru horfnar.

Aðrar upplýsingar:

Núverandi íbúðarhús var steipt og fullklárað á árunum 1943-45 (BS IV: 58).

Heimildaskrá:

Örnefnaskrá Dýrfinnustaða. Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.

Dýrfinnustaðir – 2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 484058 N 573216

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítil hættu. Engar sýnilegar minjar eru í hættu, en minjar eru mjög líklega undir yfirborði á þessu svæði.

Staðhættir:

Á túnakorti frá 1919 er sýnt „peningshús“ 15-20m ofan (austan) við bæinn.

Lýsing:

Þarna er nú slétt tún.

Aðrar upplýsingar:

Á túnakortinu er sýnd fjögur útihús á Dýrfinnustöðum en ekki tilgreint hvaða hlutverki hvert þeirra þjónaði. Í örnefnaskrá koma hins hins vegar fram upplýsingar um staðsetningu tveggja fjárhúsa sem stemma við ystu húsin, *Ærhúsgerði* eða *Gerði* og húsin þar austur af *Lambhús* eða *Lambhúsgerði* (Sbr. ÖRI:1). Þriðju húsin eru á túnakortinu sýnd um 100 m ofan (norðaustan) við bæinn utan túns og koma ekki fyrir í örnefnaskrá. Nefnd *Traðarhús* í Byggðasögu Skagafjarðar (BS IV: 60). Fjórðu peningshúsin sem fram koma á túnakortinu eru samkvæmt byggðasögunni fjósið á Dýrfinnustöðum (BS IV: 60).

Heimildaskrá:

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá: Dýrfinnustaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort. Dýrfinnustaðir í Akrahreppi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Dýrfinnustaðir – 3

Sérheiti: Lambhús/-gerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 484050 N 573295

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítil hættu. Engar sýnilegar minjar eru í hættu, en minjar eru mjög líklega undir yfirborði á þessu svæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Lambhúsgerði er út og upp á túninu“ (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Miðað við túnakortið frá 1919 hafa húsin staðið á harðlendum kambi í túninu um 30m ofan við núverandi útihús. Engin örugg ummerki eru um húsin sjálf, engar greinilegar hleðslur eða lægðir, en svolítið af grjóti á dreif sem gæti hafa tilheyrt húsunum.

Aðrar upplýsingar:

Á túnakortinu er sýnd fjögur útihús á Dýrfinnustöðum en ekki tilgreint hvaða hlutverki hvert þeirra þjónaði. Í örnefnaskrá koma hins hins vegar fram upplýsingar um staðsetningu tveggja fjárhúsa sem stemma við ystu húsin, *Ærhúsgerði* eða *Gerði* og húsin þar austur af *Lambhús* eða *Lambhúsgerði*.

Heimildaskrá:

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá: Dýrfinnustaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort. Dýrfinnustaðir í Akrahreppi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Dýrfinnustaðir – 4

Sérheiti: Ærhúsgerði/Gerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 483935 N 573364

Ástand: Hleðslur að mestu horfnar.

Hættumat: Lítil hættu. Engar sýnilegar minjar eru í hættu, en minjar eru mjög líklega undir yfirborði á þessu svæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „[...] yst á túninu er Ærhúsgerði.“ (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Tóftirnar eru horfnar en fremst á hólnum eru grjóthleðslur í brekkunni. Þetta er u.þ.b. 70m norðvestur af núverandi útihúsum.

Aðrar upplýsingar:

Ingólfur Helgason frá Úlfsstöðum núverandi bóndi á Dýrfinnustöðum kallar staðinn „Gerðið“ og segir hafa verið fjárhús af einhverju tagi. Staðsetning hleðslanna stemmir við túnakort frá 1919, þar sem sýnd eru peningshús á þessum stað. Á túnakortinu er sýnd fjögur útihús á Dýrfinnustöðum en ekki tilgreint hvaða hlutverki hvert þeirra þjónaði. Í örnefnaskrá koma hins hins vegar fram upplýsingar um staðsetningu tveggja fjárhúsa sem stemma við ystu húsin, *Ærhúsgerði* eða *Gerði* og húsin þar austur af *Lambhús* eða *Lambhúsgerði*.

Heimildaskrá:

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá: Dýrfinnustaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort. Dýrfinnustaðir í Akrahreppi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimildamaður Ingólfur Helgason.



Mynd 2, horft til vesturs yfir austasta hluta gamla túnsins á Dýrfinnustöðum. Lægð er í túninu eins og eftir tóft á sama stað og sýnt er „peningshús“ á túnakortinu frá 1919.

Dýrfinnustaðir – 5

Sérheiti: Traðarhús

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Lægð

Staðsetning: A 484130 N 573262

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítil hættu. Engar sýnilegar minjar í hættu.

Staðhættir:

Á túnakorti frá 1919 er sýnt „peningshús“ um 100m ofan (norðaustan) við bæinn á Dýrfinnustöðum.

Lýsing:

Þarna er fremur óslétt tún, en þó má sjá lægðir á þessum stað sem skera sig úr og eru vísbendingar um umrætt útihús.

Aðrar upplýsingar:

Á túnakortinu er sýnd fjögur útihús á Dýrfinnustöðum en ekki tilgreint hvaða hlutverki hvert þeirra þjónaði. Í örnefnaskrá koma hins hins vegar fram upplýsingar um staðsetningu tveggja fjárhúsa sem stemma við ystu húsin, *Ærhúsgerði* eða *Gerði* og húsin þar austur af *Lambhús* eða *Lambhúsgerði*, þriðju húsin eru á túnakortinu sýnd um 100 m ofan (norðaustan) við bæinn utan túns og koma ekki fyrir í örnefnaskrá. Líklega eru þetta þó hús nefnd *Traðarhús* í Byggðasögu Skagafjarðar (BS IV: 60). Þar segir: „Sunnan og suðaustan við Lambhúsvöll tók við Traðarhúsvöllur. Þar efst í túnjaðri var hesthús, kallað Traðarhús.“ (BS IV: 60).

Heimildaskrá:

Túnakort. Dýrfinnustaðir í Akrahreppi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Dýrfinnustaðir – 6

Sérheiti: Heimreiðin

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 483995 N 573262

Ástand: Horfin

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar segir: „Liggur heimreiðin upp að bænum norðan við lækinn [Bugalæk].“ (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Suður hluti heimreiðarinnar er komin undir planið milli íbúðarhússins og núverandi útihúsa, og norðurhlutinn hefur legið framan við húsin og sést ekki lengur.

Aðrar upplýsingar:

Heimreiðin er sýnd á túnakorti frá 1919, svo virðist sem hún hafi legið lítið eitt til norðvesturs frá bænum (A 484036 N 573209) um 60m en beygt þar (A 483995 N 573262) til norðurs í beina stefnu á ræsið sem nú er norðan við útihúsin (A 483988 N 573323) og þar út af túninu eins og það var á þeim tíma.

Heimildaskrá:

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: Dýrfinnustaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort. Dýrfinnustaðir í Akrahreppi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Dýrfinnustaðir – 7

Sérheiti: Sauðhúsgerði

Hlutverk: Sauðahús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 484114 N 573203

Ástand: Horfin

Hættumat: Lítil hættu. Engar sýnilegar minjar eru í hættu en að sögn ábúanda hefur komið upp grjót á þessum stað.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Syðst í túninu er Sauðhúsgerði (Sauða-). Þar voru sauðahús í gamla daga.“ (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði, en þarna er í dag slétt tún.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Ingólfi Helgasyni, núverandi ábúanda, hefur verið að koma upp grjót á þessum stað.

Heimildaskrá:

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá: Dýrfinnustaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður Ingólfur Helgason.

Dýrfinnustaðir – 8

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 484112 N 573223

Ástand: Horfinn

Hættumat: Lítil hættu. Engar sýnilegar minjar eru í hættu, en minjar eru mjög líklega undir yfirborði á þessu svæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Brunnur var uppi á túninu. Fyrsta vatnsleiðslan í bæinn var lögð þaðan.“ (ÖRI: 7).

Lýsing:

Engin augljós merki eru um þennan brunn en hnitpunktur tekinn samkvæmt tilsögn Ingólfs Helgasonar.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sunnan við Traðarhúsvöll, beint austur af fjósi og bæ, var Fjós dagsláttu. Náði hún suður að Bæjarlæk og niður að fjósi sem stóð rétt austan við bæinn. Þar var brunnhús þar sem hlutia bæjarlæksins var veitt í gegn. Þar var kúum brynnt á vetrum.“ (BS IV: 60).

Heimildaskrá:

Örnefnaskrá Dýrfinnustaða. Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður Ingólfur Helgason

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritsstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Dýrfinnustaðir – 9

Sérheiti: (Bugalækur)

Hlutverk: Vatnsból/Bæjarlækur

Tegund: Lækur

Staðsetning: A 484078 N 573215

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir:

Bæjarlækurinn rennur frá norðaustri til suðvesturs, sunnan við gamla bæjarstæðið (og núverandi íbúðarhús) í gegnum hluta gamla túnsins eins og það er sýnt á túnakorti frá 1919.

Lýsing:

Lækurinn er enn á sínum stað, í nokkuð djúpum farvegi sem hlykkjast niður í gegnum túnið sunnan við íbúðarhúsið. Búið er að þurrka upp stærra svæði umhverfis bæinn og grafa skurði sem veita auknu vatni í lækinn.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar segir: Dýrfinnustaðir : Sauðhúsgerði (Sauða-) var syðst í gamla túninu. Þar er nú alltaf kallað Sauðhúsvöllur og hefur svo alltaf verið í tíð Sigurjóns. Sauðhúsvöllur náði út að Bæjarlæk. Hann kemur ofan úr fjalli, fellur fyrst niður beint fyrir ofan bæinn, en sveigir svo til suðurs og rennur niður rétt sunnan við íbúðarhúsið. Nokkru neðar sveigir hann til norðvesturs og fellur niður svokallaða Buga, sem eru á merkjum Dýrfinnustaða og Ytri-Brekka. Þá heitir hann Bugalækur. (Ö GM: 1).

Heimildaskrá:

Örnefnaskrá Dýrfinnustaða. Skráð af Gísla Magnússyni, 1973. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort. Dýrfinnustaðir í Akrahreppi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Dýrfinnustaðir – 10

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir:

Við bæjarlækinn suðaustan við bæinn.

Lýsing:

Engar minjar þessa mannvirkis voru greinanlegar á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skammt austan við fjósið, suður við lækinn, var vatnsmylla, smíðuð og sett upp af Myllu-Kobba. Runólfur bóndi notaði hana til kornmölunar fram yfir 1920.“ (BS IV: 60).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Dýrfinnustaðir – 11

Hlutverk: Stekkur/Kvíar/Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 484288 N 573390

Ástand: Hleðslur standa að hluta, grónar.

Hættumat: Nokkur hætta. Minjarnar hafa nú þegar orðið fyrir töluverðum skemmdum vegna lagningar ýtuslóða, sem fer yfir suðurhluta þeirra.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar segir: „Fyrir neðan Bæjarbrekku er Votihjalli. Þar eru nokkrar dýjaveitur. Norðan og austan hans, rétt við Bæjarlækinn, er Stekkurinn.“ (ÖMG: 2).

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Stekkur var upp undan bænum á Dýrfinnustöðum, ekki langt, nokkuð sunnan við Sjónarhól. Þar voru Kvíar í tíð foreldra Sigurjóns (Runólfs og Maríu).“ (ÖGM: 7).

Lýsing:

Tóftin er 5x7m að innanmáli er við ýtuslóð/reiðveg sem ruddur hefur verið til norðausturs upp fjallið og rutt hefur verið í gegnum tóftin að hluta. Hæð veggja 60sm, breidd veggja 120sm. Dyr/hlið að ofan og neðan til suðvesturs og norðausturs. Tóftin er algróin nema þar sem slóðin fer í gegnum hana.

Heimildaskrá:

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: Dýrfinnustaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Dýrfinnustaða. Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 3, horft til suðvesturs yfir tóftaleifar ofan Dýrfinnustaða, sem gegnt hafa hlutverki stekkjar, kvía og réttar. Í baksýn eru útihús frá Hjarðarhaga til hægri á myndinni og þar fyrir ofan eru minkahús, lengra til hægri er íbúðarhúsið og hesthús (áður fjós).

Dýrfinnustaðir – 12

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Norðan við fjósið.

Lýsing:

Þarna er nú slétt tún og engar minjar sýnilegar.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norðan við fjósið var hesthúskofi fyrir tvö hross.“ (BS IV: 60).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Dýrfinnustaðir – 13

Hlutverk: Landamerki (Varða)

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Utan við Hábackkalæk (hornmark milli Svaðastaða og Syðri-Hofdala).

Lýsing:

Ekki var farið á þennan stað sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í landamerkjalytingu Dýrfinnustaða, dags. 10. nóvember 1921, segir: „Kyrfisá ræður merkjum milli Svaðastaða og Dýrfinnustaða, frá upptökum sínum, þar til gil það sem áin hefur myndað endar. Úr gilkverk þeirri miðri, eru merkin í beinni línu niður eyrarnar, grundina og flóann, í vörðu þá, sem er hornmark milli Svaðastaða og Syðri-Hofdala utan við Hábackkalæk, sem aðrir nefna Kyrfisárfarveg. Úr nefndri vörðu eru merkin bein lína suður í Bugalæk, ofan við svonefndan Kollhól.“

Heimildaskrá:

Landamerkjabréf Dýrfinnustaða, dags. 10. nóvember 1921.

Dýrfinnustaðir – 14

Hlutverk: Landamerki (Varða)

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Sunnan við brú í Bugasundi (hornmark milli Dýrfinnustaða að sunnan og Brekkukots að norðan).

Lýsing:

Varðan fannst ekki.

Aðrar upplýsingar:

Í landamerkjalytingu Dýrfinnustaða, dags. 10. nóvember 1921, segir: „Kyrfisá ræður merkjum milli Svaðastaða og Dýrfinnustaða, frá upptökum sínum, þar til gil það sem áin hefur myndað endar. Úr gilkverk þeirri miðri, eru merkin í beinni línu niður eyrarnar, grundina og flóann, í vörðu þá, sem er hornmark milli Svaðastaða og Syðri-Hofdala utan við Hábackkalæk, sem aðrir nefna Kyrfisárfarveg. Úr nefndri vörðu eru merkin bein lína suður í Bugalæk, ofan við svonefndan Kollhól. Síðan ræður nefndur lækur suður að keldufalli, þaðan keldufallið suður fyrir brú í Bugasundi. Þar er hornmark milli Dýrfinnustaða að sunnan og Brekkukots að norðan, og er þar varða hlaðin. Frá vörðu þessari ræður bein stefna upp yfir Bæjarás, og austur í stein norður undan túninu í Brekkukoti og er höggvinn stafurinn M í stein þennan.“

Heimildaskrá:

Landamerkjabréf Dýrfinnustaða, dags. 10. nóvember 1921.

Dýrfinnustaðir – 15

Hlutverk: Landamerki (steinn)

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Norðan undan túninu á Brekkukoti

Lýsing:

Steinninn fannst ekki.

Aðrar upplýsingar:

Í landamerkjalytingu Dýrfinnustaða, dags. 10. nóvember 1921, segir: „Frá vörðu þessari [hornmarki milli Dýrfinnustaða að sunnan og Brekkukots að norðan] ræður bein stefna upp yfir Bæjarás, og austur í stein norður undan túninu í Brekkukoti og er höggvinn stafurinn M í stein þennan. Þaðan ræður sjónhending til fjallsbrúnar, í háhnjúkinn utan við Lambaskarð. Háfjall ræður merkjum að austan.“

Heimildaskrá:

Landamerkjabréf Dýrfinnustaða, dags. 10. nóvember 1921.

Dýrfinnustaðir – 16

Sérheiti: Nautahlaða

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Ókunnir.

Lýsing:

Engar minjar fundust á vettvangi sem hægt er að tengja heimildinni um þessa byggingu.

Aðrar upplýsingar:

Í Sturlunga sögu segir: „Fóru þeir feðgar þá brott og ámu staðar í nautahlöðu á Dýrfinnustöðum. Þar bjó þá Kollsveinn Karf-Helgason. Kolbeinn spurði þegar um nóttina áverkann en Vermundur lést drottinsdaginn. Var þá sent eftir Bersa bróður hans vestur til Móbergs. Kom hann á Flugumýri og hafði sanna njósn af hvar þeir Brandur voru og var Brandur þar handtekinn í hlöðunni og varðist vel áður og særður mörgum sárum. Síðan leiddu þeir hann út og varð vel við og vó Bersi að honum. Þorsteinn faðir Brands fór með þeim og gaf Kolbeinn honum grið. Hann fastaði kárföstu eftir son sinn norður á Völlum í Svarfaðardal.“ (bls. 428).

Heimildaskrá:

Sturlunga Saga I. Reykjavík; Svart á hvítu, 1988. Bls. 428.

Hjarðarhagi / Brekkukot (ytra)

Hjarðarhagi á því land að Axlarhaga að sunnan, Syðri- og Ytri-Brekkum að vestan, Dýrfinnstöðum að norðan og háfjalli að austan.



Mynd 4, horft til vesturs af bæjarhól Brekkukots (ytra), íbúðarhúsið á Hjarðarhaga sést hægra megin á myndinni í fjarska og minkahús frá sama bæ lengra til vinstri.

Ágrip af sögu Hjarðarhaga og Brekkukots (ytra)

Hjarðarhagi er nýbýli, stofnað árið 1957 úr ¼ hluta Dýrfinnustaða og 3/8 Brekkukots (ytra). Árið 1963 var allt land Brekkukots innlimað í Hjarðarhaga. Brekkukot kemur fyrst fyrir í heimildum frá miðri 15. öld og er jörðin þá komin í eigu Hólastóls. Samkvæmt Margeiri Jónssyni hefur jörðin heitið Brekkur „fyrir 1400 (DI III, 409). Á 15. öld kemur „kotið til sögunnar eins og fleiri kot“, sem eru endurbyggð löngu eftir Svartadauða²⁴ Hennar er svo getið í reikningum stólsins a.m.k. þrisvar um miðja 16. öld. Eftir það er hún talin upp í jarðabókum á 17. öld en er komin í eyði skömmu eftir aldamótin 1700. Árið 1802 er Brekkukot selt ásamt Dýrfinnstöðum á uppboði á jörðum Hólastóls og er eftir það í bændaeign. Árið 1847 er búið að byggja upp á kotinu og jörðin þá í leiguabúð. Brekkukot fer svo aftur í eyði á fjórða áratug 20. aldar.

²⁴ Tilvitnun Rósmundar Ingvarssonar í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Brekkukot, í Örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar. Hjarðarhagi. Örnefnastofnun Íslands. Bls. 6.

Náttúrufar og jarðabætur

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bæjarásinn er vestasti hluti Hjarðarhagalandis og landamerkin í djúpu mýrarsundi vestan hans. Austur af ásnum byrja tún jarðarinnar sem öll eru ræktuð upp af framræstu mýrlendi, allt upp að gamla Brekkukoti. Bærinn [á Hjarðarhaga] stendur í miðju túni og er fjósið [nú hesthús] skammt neðan íbúðarhússins. Utan túns er ríkjandi vallendi og hálfdeigjur en nokkuð af holtum og flagmóum. Austur af túninu er samfelld, gróið land, hálfdeigjur og mýrlendi upp í fjallshíðina sem er grýtt en nokkuð gróin neðan til. Landið er 220 ha að stærð, þar af 37,5 ha tún. Um 60% af landinu telst vel gróið en 40% minna eða lítt gróið.“²⁵

Í skrá um kúgildi, landskuld og „eldi“ á jörðum Hólastaðar frá 1449 eru kúgildi sögð 6 og landskuld 3 merkur²⁶. Til útskýringar á þessu er eitt kúgildi verðmæti einnar kýr á aldrinum 4-8 vetra sem borið hefur a.m.k. tvisvar, en þetta jafngildir sex ám með lömbum. Merkurnar sem hér um ræðir eru hluti af einu af mörgum verðmætiskerfum sem notast hefur verið við á Íslandi, svokölluðu *lögaurakerfi*, sem var einkum notað í dómsmálum allt fram á 19. öld.²⁷ Kerfið byggir á gamla álnakerfinu og eru sex álnir í einum eyri, en átta aurar gera eina mörk, þannig að alls voru 48 álnir í mörkinni.²⁸ Álnir eru hins vegar miðaðar við heimaspunna ull. Alin er í raun lengdarmæling jafngild 45 tommum eða 114 sentímetrum²⁹ og vísar ein alin því í verðmæti 114 sentímetra af heimaspunninni ull. Tvær og hálf merkur í landskuld jafngilda sem sagt 120 álnum sem er það sama og eitt langt hundrað, sem er sú verðmætaeining sem yfirleitt er notuð yfir jarðeignir og landskuldir í jarðabókunum. Landskuld Hjarðarhaga 3 merkur jafngilda því 144 álnum eða 1 hdr. og 24 álnum. Landskuld var að jafnaði tekin af jörðum í hlutfallinu 20:1, þ.e. leigjendur borguðu 5% af verðmæti jarðarinnar í skatt. Miðað við það gæti Hjarðarhagi hafa verið metinn á 24 hdr. árið 1449. En til að setja það í samhengi virðist mat á meðaljörð á Íslandi hafa verið í kringum 20 hdr.³⁰

Næst kemur Brekkukot fyrir í skrá yfir eignir Hólastóls frá árinu 1550, í Sigurðarregistri, kúgildi eru nú 5 og landskuld 1 hdr.³¹ Það gæti bent til að jarðamatið hafi lækkað lítillega úr 24 hdr. niður í 20 hdr. Þó ber að taka því með fyrirvara þar sem ekki er fast samband milli jarðamatsins og landskuldarinnar, skatttekjan getur í einhverjum tilfellum tekið breytingum en jarðamatið haldist óbreytt. Í reikningi Hólastóls frá 1569, eru kúgildin komin niður í þrjú og hálft en landskuldin óbreytt, 1 hdr.³² Ári seinna 1570 eru kúgildin að því er virðist óbreytt.³³

Í jarðabókum frá árinum 1686 og 1695 er jörðin skráð í eigu Hólastóls, metin á 10 hdr., landskuld 60 álnir og kúgildi 3. Landskuldin hefur þá lækkað um helming á frá öldinni áður og enn meir sé litið lengra aftur í tímann, eða meira en helming frá árinu 1449, úr 144 álnum í

²⁵ Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007. Bls. 64. (Hér eftir Byggðasaga Skagafjarðar IV.)

²⁶ Þar segir: „Item brekkakote vj kugyllde l. iij marker“ DI V, bls. 36. Erfitt getur verið að átta sig á fyrir hvað „j“ stendur, stundum er það fyrir heila tölu og stundum hálfa, en yfirleitt er strik yfir stafinn þegar um hálfa er að ræða. Svo er ekki í þessu tilfelli og verður því að álykta að hér eigi að standa 3 merkur

²⁷ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“. *Vísindavefurinn* 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

²⁸ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“. *Vísindavefurinn* 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

²⁹ Björn Lárusson. *The old Icelandic land registers*. Lund : Gleerup, 1967.

³⁰ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“. *Vísindavefurinn* 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

³¹ Þar segir: „Med Breckukoti.v. kugillde. landskyld.j. c“ DI XI, bls. 859.

³² Þar segir: „Med Breckukoti landsk..c. med túndum kug. iij ½.“ DI XV, bls. 223.

³³ DI XV, bls 457.

60. Kúgildunum hefur að sama skapi um helming frá 1449, úr 6 í 3 og svipaða sögu er að segja um jarðamatið.

Þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín fara um Skagafjörð árið 1709 til að safna gögnum fyrir jarðabók sína sem út kom árið 1713, hefur Brekkukot verið í auðn síðast liðin fimm ár, eða frá því árið 1704.³⁴ Jörðin er metin á 10 hdr. „og so tíundast sem aðrar stólsjarðir“³⁵, landskuld er 60 álnir og kúgildi þrjú. Jörðin gat fódrað tvær kýr og 20 lömb, kostir og gallar eru sagðir þeir sömu og á Dýrfinnustöðum, en þar segir: „Torfrista og stúnga bjarglega og reiðingsrista fyrir heimanauðsyn. Móskurður hefur verið, brúkast ei. Hætt er kvikfje fyrir foröðum og holgryfjulækjum.“³⁶ Jörðin sem fyrr í eigu Hólastóls en nytjuð af ábúanda Dýrfinnustaða, Jóni Björnssyni, sem „geldur þó ekki fyrir það nema heldur fyrirsvári fyrir kotið.“³⁷

Jörðin var í eigu Hólastóls fram til 1802 þegar hún var seld með Dýrfinnustöðum á uppboði og þá sögð hjáleiga Dýrfinnustaða. Þá fylgdu þeim saman 2 kúgildi. Kaupverðið var 231 ríkisdalir og skuld 16. Hvergi annarsstaðar er talað um Brekkukot sem hjáleigu. Í jarðatali Johnsens frá 1847 er Brekkukot sagt í bændaeign, dýrleiki 10 hdr. landskuld 40 álnir, kúgildi 1. Jörðin er þá í leiguabúð. Í jarðabókinni frá 1861 segir að forn hundraðatala Brekkukots sé 10 en ný hundraðatala 9,9.³⁸

Árið 1922 var Brekkukot (ytra) metið á kr. 3.000³⁹, árið 1932 á kr. 3.300⁴⁰, árið 1938 á 2.100⁴¹. En eins og áður segir var nýbýlið Hjarðarhagi stofnað árið 1957, úr ¼ af landi Dýrfinnustaða og 3/8 hlutum Brekkukots. Árið 1963 var allt Brekkukots land felld undir Hjarðarhaga og árið 1966 var Hjarðarhagi metinn á kr. 2.056.000.⁴² Árið 1985 á kr. 2.090.000 og árið 2000 á kr. 13.555.000.⁴³

³⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930. Bls. 195. Hér eftir JÁM IX.

³⁵ JÁM IX, bls. 195.

³⁶ JÁM IX, bls. 194 og 195.

³⁷ JÁM IX, bls. 195.

³⁸ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, samin eftir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1 aprílmánaðar 1861. Gefin út af Jarðabókaútgáfunni. Kaupmannahöfn: J.H. Schulz's prentsmiðja. 1861. Bls. 104.

³⁹ Fasteignabók – Löggilt af Stjórnarráði Íslands samkv. Lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík: Prentsmiðjan Acta. 1921.bl. 123.


⁴⁰ Fasteignabók – Löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. Lögum nr. 41. 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. 1932.

⁴¹ Fasteignabók – Löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3. 6. jan. 1938. Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. 1942-1944. Bls.

⁴² *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 65.

⁴³ sbr. *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 65.

Fornleifaskrá



Loftmynd 2, túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1919 af Brekkukoti lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum hf., kortagerð GSS. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer hvernar fornleifar innan skýrslunnar, þ.e. aftasta talan í heildarnúmerinu. 1) Bær; 2) Óþekkt gripahús/fjós; 5) Óþekkt gripahús/fjórhus; 13) „Gerði“ Óþekkt gripahús/fjórhus; 14) Heimreið.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 1

Hlutverk: Bær

Tegund: Tóftir


Staðsetning: A 484438 N 572963

Ástand: Hleðslur fallnar og mikið grónar.

Hættumat: Lítil hætta. Minjunum stafar helst hætta af ágangi búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Bæjarrústir Brekkukots eru á Bæjarhól ofan við Hjarðarhagatúnið, upp undan íbúðar-húsinu í Hjarðarhaga og niður undan Lambaskarði. Hóllinn er grænni en land umhverfis.“ (ÖRI: 7).



Teikning 1, Bæjarhóllinn á Brekkukoti (Ytra) í landi Hjarðarhaga. 1) Bær; 2) Óþ. Fjós; 3) Óþ. heytóft; 4) Matjurtagarður; 14) Heimreið.

Lýsing:

Um 550m upp af íbúðarhúsinu á Hjarðarhaga við brekkufótinn er gamli bæjarhóll Brekkukots, eins og jörðin hét áður. Bæjarhóllinn sker sig vel úr umhverfinu grasi gróinn og nokkuð hár. Tóftir bæjarins eru að hluta vel greinilegar en sumstaðar eru veggir lágir eða með öllu horfnir. Framarlega (vestan) á miðjum hólnum er tví- eða jafnvel þrískipt tóft og sér einnig í grjót í veggjum hennar á nokkrum stöðum. Veggir mest 110sm breiðir og 40-50sm háir. Steyptur skorsteinn liggur í tóft við suðvesturhorn. Aftan við eða austar á hólnum eru veggir óljósari, dældir og stök veggjalög greinileg á milli. Nyrst á hólnum er fjóstóft 7x5m að utanmáli og sér í báshellu, uppistandandi í tóftinni. Dyr snúa mót vestri. Húsið hefur verið hlaðið úr torfi og grjóti og sér í grjót í

veggjum. Mesta hæð 60sm og breidd 1,5m. Veggjaleifar eru suðausturhorn megin tóftaleifanna, líklega þó hluti af bæjarsamstæðunni.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Rósmundar segir enn fremur: „Rústir bæjarins eru heldur ógreinilegar, enda segja munnmæli að bærinn hafi brunnið einhvern tíma eftir að hætt var að búa í honum, þó ekki fyrir tilstilli ábúenda jarðarinnar.” (ÖRI: 7).

Heimildaskrá:

Örnefnaskrá Hjarðarhaga (áður Brekkukots Ytra). Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 2

Hlutverk: Óþekkt/Fjós

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 484435 N 572974

Ástand: Hleðslur fallnar að hluta, grónar.

Hættumat: Lítil hættu. Minjunum stafar helst hættu af ágangi búfjár.

Staðhættir:

Norðarlega á bæjarhólnum, nyrst í tóftaþyrpingunni.

Lýsing:

Nyrst á bæjarhólnum er tóft 7x5m að utanmáli og er stór hella uppistandandi við suðurvegg hennar og myndar að því er virðist bás. Dyr snúa mót vestri. Húsið hefur verið hlaðið úr torfi og grjóti og sér í grjót í veggjum. Mesta hæð 60sm og breidd 1,5m.

Aðrar upplýsingar:

Á túnakorti frá 1919 er sýnt peningshús norðan við bæinn og stemmir það við þessa tóft.

Heimildir:

Túnakort. Brekkukot í Akrahreppi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.



Mynd 5, horft til vesturs yfir nyrstu tóftina á bæjarhól Brekkukots. Þarna er sýnt gripahús á túnakorti frá 1919, líklega fjósið á bænum. Uppreist hella stendur við suðurvegg innarlega í tóftinni, líklega báshella, sést hér vinstra megin í tóftinni hálfsockkin.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 3

Hlutverk: Óþekk/heytoft

Tegund: Dæld

Staðsetning: A 484442 N 572976

Ástand: Ávalar brúnir, gróið

Hættumat: Lítil hætta. Minjunum stafar helst hætta af ágangi búfjár.

Staðhættir:

Ofan við meinta fjóstóft, norðarlega á bæjarhólnum á Brekkukoti (Ytra).

Lýsing:

Nyrst á bæjarhólnum er tóft 7x5m að utanmáli og er stór hella uppistandandi við suðurvegg hennar og myndar að því er virðist bás. Dyr snúa mót vestri. Húsið hefur verið hlaðið úr torfi og grjóti og sér í grjót í veggjum. Mesta hæð 60sm og breidd 1,5m. Ofan við þessa byggingu er svolítill dæld eins og eftir aðra tóft, um 4,5x3,5m með ávölum brúnum. Hugsanlega leifar annarrar byggingar.

Aðrar upplýsingar:

Hugsanlega hefur þarna verið heytoft eða hlaða fyrir fjósið.



Mynd 6, horft frá tóftunum á „Gerði“ til norðurs upp á bæjarhólinn á Brekkukoti. Á myndinni sér móta fyrir garðlögum umhverfis matjurtagarðinn (146305 - (Brekukot 247) – 4) sunnan í hólnum. .

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 4

Hlutverk: Óþekkt/Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 484437 N 572941

Ástand: Hleðslur grónar, rofnar á köflum.

Hættumat: Lítil hættu. Minjunum stafar helst hættu af ágangi búfjár.

Staðhættir:

Minjar um matjurtagarð eru sunnan í bæjarhól Brekkukots.

Lýsing:

Sunnan í bæjarhólnum virðist hafa verið matjurtagarður og hlaðinn garður umhverfis hann. Mest 50sm breiður og 20sm hár. Hugsanlega hefur verið girðing ofan á þessum garði, þótt það sé ekki víst. Efst á hólnum gengur garðlag áfram til vesturs í framhaldi af norðurvegg matjurtagarðsins, hlið virðist hafa verið á milli þess og matjurtagarðsins og heimreiðin legið þar í gegn.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Sunnan við rústirnar eru garðaleifar austan og vestan við reit, sem er ca. 13 x 17 metrar.“ (ÖRI: 7.). Á túnakorti frá 1919 segir í skýringum að matjurtagarðar séu 88 flatarstikur. Engin matjurtagarður er hins vegar teiknaður inna á kortið.

Heimildaskrá:

Örnefnaskrá Hjarðarhaga (áður Brekkukots Ytra). Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 7, horft til suðvesturs yfir tóftaleifar útihúsa og bæjar á Brekkukoti. Næst okkur á myndinni eru óþekkt gripahús (líklega fjárhús), fjær er bærinn sjálfur og fjós tóft fast norðan við hann. Í fjarska hægra megin á myndinni eru minkahúsin frá Hjarðarhaga.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 14

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Staðsetning: A 484395 N 573033

Ástand: Sést illa

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir:

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá heimreiðin í gegnum túnið frá norðri til suðurs yfir bæjarhlaðið vestan við húsin.

Lýsing:

Hægt er að rekja sig eftir heimreiðinni að norðan og sunnan en gatan er þó mjög gróin, og nokkuð hátt gras á svæðinu þegar farið var á vettvang. Gatan fer í gegnum „hlið“ á garðlagi sem gengur til vesturs frá efri brún stóra matjurtagarðsins. Greinilegust er gatan meðfram vesturhlið matjurtagarðsins, sunnan í bæjarhólnum.

Aðrar upplýsingar:

Á túnakorti frá 1919 er sýnd heimreið á Brekkukoti sem liggur frá norðri (A 484395 N 573033) til suðurs (A 484434 N 572902) í gegnum hlaðið (A 484427 N 572955) vestan við bæinn.

Heimildaskrá:

Túnakort. Brekkukot í Akrahreppi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 5**Hlutverk:** Óþekkt/Fjárhús**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A 484468 N 572997**Ástand:** Hleðslur fallnar, grónar.**Hættumat:** Lítil hættu. Minjunum stafar helst hættu af ágangi búfjár.**Staðhættir:**


Um 30m norðaustan við bæjarhólinn eru tóftir útihúsa, suðvestur undir hól.

Lýsing:

Tóftin er þrískipt 14x12m að utanmáli., hugsanlega fjárhús með hlöðu til austurs, mögulega eru leifar garða í nyrstu tóftinni. Breidd veggja mest 1m og hæð 60sm. Hlaðið úr torfi og grjóti og sér í grjót á nokkrum stöðum í veggjum. Dyr eru til vesturs og innangengt milli hlöðu og fjárhúss. Í syðri tóftinni er “hlaðinn niðurgröftur” 1,5x1,5m. Breidd garða er 60sm og hæð 15sm.

Hættumat:

Minjarnar eru ekki í hættu nema vera skyldi af ágangi búfjár.



Teikning 2.



Mynd 8, horft til norðurs yfir niðurgröft (Hjarðarhagi / Brekkukot – 6) sem grafinn hefur verið í skriðuhrygginn norðaustan við bæjartóftirnar á Brekkukoti, norðan við útihúsin. Bæjarlækurinn rennur niður brekkuna örfáa metra norðan við.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A 484468 N 573011

Ástand: Hrúnið og gróið

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir:

Norðan í grónum skriðuhrygg norðan við tóftir útihúsa sem eru ofan við bæjartóftir Brekkukots.

Lýsing:

Niðurgröfturinn er um 50-60sm djúpur og liggur norður-suður, 2,5m að breidd.

Aðrar upplýsingar:

Engar heimildir eða aðrar upplýsingar eru um þennan niðurgröft. Hugsanlega er um einhverskonar efnistöku að ræða, en skorsteinninn hefur t.a.m. örugglega verið steypur á staðnum og því þurft að ná í mól fyrir hann.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 7

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Lækur

Staðsetning: A 484467 B 573014

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir:

Norðan í grónum skriðuhrygg norðan við tóftir útihúsa sem eru ofan við bæjartóftir Brekkukots.

Lýsing:

Lækir renna beggja vegna bæjarhólsins í smáskorningum, sá nyrðri er vatnsmeiri og nær bænum.

Aðrar upplýsingar:

Líklega hefur nyrðri lækurinn verið aðalvatnsból bæjarins.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 11

Hlutverk: Kvarnarsteinn

Tegund: Gripur

Staðsetning: A 484486 N 573024

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætt

Staðhættir:

Í ofan við girðingu í svolítilli lægð norðan við skriðuhrygginn sem liggur norðaustan við bæjarhólinn á Brekkukoti (ytra).

Lýsing:

Kvarnarsteinninn var í línu við hleðslurnar sem verið hafa undir eldri girðingu nokkra metra ofan við núverandi girðingu. Gaddavír var þræddur í



Mynd 9, mjög heillegur kvarnarsteinn fannst nær algjörlega sokkinn í jörðu skammt ofan við bæjarstæðið. Steinninn hefur verið endurnýttur sem sig á girðingu.

gegnum miðju steinsins og hefur hann auðsjáanlega verið notaður sem sig fyrir girðinguna. Steinninn er mjög heillegur og í góðu ástandi, öðrumegin (á efri hliðinni) er járnþynna, heimasníðuð, en inni miðju steinsins voru timburleifar, líklega af öxlinum sem steinninn hefur snúið á.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skammt austan við fjósið [á Dýrfinnustöðum], suður við lækinn, var vatnsmylla, sníðuð og sett upp af Myllu-Kobba. Runólfur bóndi notaði hana til kornmölunar fram yfir 1920.“ (BS IV: 60). Hugsanlega hefur þessi steinn tilheyrt umræddri myllu þótt ekki sé það víst.

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 12

Hlutverk: Óþekkt/ Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 484491 N 573001

Ástand: Hleðslur standa, grónar.

Hættumat: Minjunum stafar helst hætta af ágangi búfjár.

Staðhættir:

Suður undan skriðuhrygg norðaustan og ofan við bæjarstæðið á Brekkukoti Ytra.

Lýsing:

Suður af efstu grjóthrúgunni í línu við girðinguna sem þar virðist hafa verið áður, er garðlag. Þetta er meiri umfangsmeiri hleðsla en hefur verið undir girðingunni annarsstaðar, um 9m frá norðri til suðurs en beygir í vinkel syðst um 4m til vesturs, mesta hæð um 50sm og breidd 180sm.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: “Suðvestan í hól, skammt utan og ofan við bæjarstæðið, eru húsaleifar á ca. 10 x 10 m. bletti. Staðs. 65° 39' 265 / 19° 20' 252, skekkja 8. Og þar rétt ofar, sunnan í rinda, eru garðaleifar og hefur líklega verið þar matjurtagarður.” (ÖRI: 7).

Heimildir:

Örnefnaskrá Hjarðarhaga (áður Brekkukots Ytra). Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 13

Sérheiti: Gerði

Hlutverk: Óþekkt/Peningshús


Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 484415 N 572781

Ástand: Gott

Hættumat: Minjunum stafar helst hætta af ágangi búfjár og framkvæmdum, búið er að girða yfir norðurhluta tóftanna.

Staðhættir:



Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Gerði sunnan og neðan við túnið.” (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Preföld tóft sem liggur norður-suður með dyr mót vestri. Nyrsti hlutinn liggur undir rafmagnsgirðingu og er fremur óljós. Syðri veggur er greinilegur þó frekar mjór 30sm breiður og 20sm hár. Tóftin sunnan við er tvískipt og erfitt að greina hvort dyr séu á milli, en það er þó líklegt. Mesta breidd veggja er 2m og mesta hæð um 20sm. Tóftin er algróin og mikill gróður á henni. Syðst er ein stór tóft og hafa verið í henni tveir garðar, sinn til hvorrar hliðar. Líklega hefur verið þilstafn til vesturs þar sem veggir eru ekki í þá áttina. Utanmál 12x9m, lengd garða 5m og breidd 1m, hæð um 20sm.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Gerði er spölkorn sunnan við Brekkukots - Bæjarhólinn og sunnan við lækinn sem fer þar niður eftir. Þar hafa engin tóftarbrot verið sjáanleg lengi, enda er þarna sléttað tún. Staður (samkv. Hjörsey 1955) N. 65° 39' 253 / V. 19° 20' 366, skekkja 7.“ (ÖRI: 7). Á túnakorti frá 1919 eru útihús merkt inn á sama stað og umræddar tóftir.

Heimildir:

Örnefnaskrá Hjarðarhaga (áður Brekkukots Ytra). Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Brekkukots. Margeir Jónsson skráði, 1936. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort. Brekkukot í Akrahreppi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 8

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir að varðan sé sunnan við brú í Bugasundi (sbr. ÖRI: 5).

Lýsing:

Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í landamerkjaskrá fyrir Brekkukot, frá árinu 1890 segir: „Milli Dýrfinnustaða að sunnan og Brekkukots að norðan ræður bein stefna úr hornvörðu sunnan við brú í Bugasundi í stein með vörðu á, á Bæjarás. Þaðan ræður sama bein stefna upp í lækjarkrók utan og neðan við Brekkukotsvöll. Þaðan ræður bein stefna til fjallsbrúna í háhnjúk utan við Lambaskarð. Að ofan ræður háfjall. Að sunnan bein lína af Hnjúknum, þar sem hann er hæstur, niður um miðja bláurð og svo eftir vörðum yfir mýrarnar sunnan við Klofasteinsholt, þar (?) er Hornvarðan (útvestur af Hornvörðu Syðri-Brekkna og Framness). Þaðan er bein stefna til útvesturs með Holtsjaðrinum, vestur af ytri Klofasteinum og beina sömu stefnu í áðurgreinda Hornvörðu í Bugasundi.“

Heimildaskrá:

Örnefnaskrá Hjarðarhaga (áður Brekkukots Ytra). Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.

Landamerkjaskrá fyrir Brekkukot, frá árinu 1890.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 9

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „á Bæjarás[i]” (ÖRI: 5).

Lýsing:

Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í landamerkjaskrá fyrir Brekkukot, frá árinu 1890 segir:

„Milli Dýrfinnustaða að sunnan og Brekkukots að norðan ræður bein stefna úr hornvörðu sunnan við brú í Bugasundi í stein með vörðu á, á Bæjarás. Þaðan ræður sama bein stefna upp í lækjarkrók utan og neðan við Brekkukotsvöll. Þaðan ræður bein stefna til fjallsbrúna í háhnjúk utan við Lambaskarð. Að ofan ræður háfjall. Að sunnan bein lína af Hnjúknum, þar sem hann er hæstur, niður um miðja bláurð og svo eftir vörðum yfir mýrarnar sunnan við Klofasteinsholt, þar (?) er Hornvarðan (útvestur af Hornvörðu Syðri-Brekkna og Framness). Þaðan er bein stefna til útvesturs með Holtsjaðrinum, vestur af ytri Klofasteinum og beina sömu stefnu í áðurgreinda Hornvörðu í Bugasundi.“ (ÖRI: 5, innskot innan sviga líklega frá Rósmundi).

Heimildaskrá:

Örnefnaskrá Hjarðarhaga (áður Brekkukots Ytra). Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.

Landamerkjaskrá fyrir Brekkukot, frá árinu 1890.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 10

Hlutverk: Vörður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „yfir mýrarnar sunnan við Klofasteinsholt” (ÖRI: 5).

Lýsing:

Vörðurnar voru ekki skoðaðar á vettvangi sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í landamerkjaskrá fyrir Brekkukot, frá árinu 1890 segir:

„Milli Dýrfinnustaða að sunnan og Brekkukots að norðan ræður bein stefna úr hornvörðu sunnan við brú í Bugasundi í stein með vörðu á, á Bæjarás. Þaðan ræður sama bein stefna upp í lækjarkrók utan og neðan við Brekkukotsvöll. Þaðan ræður bein stefna til fjallsbrúna í háhnjúk utan við Lambaskarð. Að ofan ræður háfjall. Að sunnan bein lína af Hnjúknum, þar sem hann er hæstur, niður um miðja bláurð og svo eftir vörðum yfir mýrarnar sunnan við Klofasteinsholt, þar (?) er Hornvarðan (útvestur af Hornvörðu Syðri-Brekkna og Framness). Þaðan er bein stefna til útvesturs með Holtsjaðrinum, vestur af ytri Klofasteinum og beina sömu stefnu í áðurgreinda Hornvörðu í Bugasundi.“ (ÖRI: 5, innskot innan sviga líklega frá Rósmundi).

Heimildaskrá:

Örnefnaskrá Hjarðarhaga (áður Brekkukots Ytra). Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.

Landamerkjaskrá fyrir Brekkukot, frá árinu 1890.

Hjarðarhagi/ Brekkukot (ytra) – 15

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Á Klofasteinsholti samkvæmt örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (ÖRI: 5).

Lýsing:

Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í landamerkjaskrá fyrir Brekkukot, frá árinu 1890 segir:

“Milli Dýrfinnustaða að sunnan og Brekkukots að norðan ræður bein stefna úr hornvörðu sunnan við brú í Bugasundi í stein með vörðu á, á Bæjarás. Þaðan ræður sama bein stefna upp í lækjarkrók utan og neðan við Brekkukotsvöll. Þaðan ræður bein stefna til fjallsbrúna í háhnjúk utan við Lambaskarð. Að ofan ræður háfjall. Að sunnan bein lína af Hnjúknum, þar sem hann er hæstur, niður um miðja bláurð og svo eftir vörðum yfir mýrarnar sunnan við Klofasteinsholt, þar (?) er Hornvarðan (útvestur af Hornvörðu Syðri-Brekkna og Framness). Þaðan er bein stefna til útvesturs með Holtsjaðrinum, vestur af ytri Klofasteinum og beina sömu stefnu í áðurgreinda Hornvörðu í Bugasundi.“ (ÖRI: 5, innskot innan sviga líklega frá Rósmundi).

Heimildaskrá:

Örnefnaskrá Hjarðarhaga (áður Brekkukots Ytra). Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.

Landamerkjaskrá fyrir Brekkukot, frá árinu 1890.

Samantekt

Minjar og varðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár og er þá átt við samspil manngerðra minja og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Ef varðveist hefur heild slíkra minja kann það að hafa áhrif á varðveislugildi þeirra, þar sem slíkar heildir segja gjarnan fyllri sögu um búsetu og lífshætti manna til forna, en stakar minjar úr samhengi við umhverfi sitt og sögu. Fornleifar eru engu að síður metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. Það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Á undanförnum árum hefur aukist meðvitund um mikilvægi menningarlandslags til kynningar á sögu lands og lýðs, jafnt fyrir Íslendingum sjálfum sem og erlendum ferðamönnum. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera vitni um gamalt verklag, byggingahætti og landnotkun. Varðveisla slíkra staða er ekki aðeins mikilvæg frá sjónarhorni fornleifafræðinga með sértæka rannsóknarhagsmuni heldur ekki síður fyrir allan almenning til að njóta umhverfisins og sögu þjóðarinnar.

Fjöldi fornleifa á jörðunum

Sumarið 2007 voru jarðirnar Dýrfinnustaðir og Hjarðarhagi skráðar. Heildarfjöldi fornleifa á jörðunum eru 31, þar af voru 11 horfnar og 5 óskráðar (þar af tvær sameiginlegar landamerkjavörður). Af skráðum fornleifum á þessum tveim jörðum voru því alls 35% horfnar.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Horfnar/Ófundnar	Óskráð á vettvangi	Hlutfall horfinna minja
Dýrfinnustaðir	16	11	3	69%
Hjarðarhagi	15	0	4	0%
Samtals	31	11	5*	35%

*Minjarnar sem um ræðir eru landamerkjavörður, þar af tvær sameiginlegar báðum jörðunum.

Fornleifar í landi Dýrfinnustaða

Heildarfjöldi fornleifa á Dýrfinnustöðum var 16, þar af voru 11 horfnar eða fundust ekki á vettvangi eða 69%.

Mjög lítið er af sýnilegum minjum í landi Dýrfinnustaða og fáar vísbendingar um byggingar í heimatúninu. Dýrfinnustaðir eru engu að síður mjög gamalt býli og kemur fyrir Landnámu eins og áður segir, það er því líklegt að á jörðinni leynist minjar jafnvel frá fyrstu áratugum byggðar í landinu. Óvíst er hvort bæjarstæðið hefur haldist óbreytt frá fyrstu tíð og líklega hefur landnámsbýlið átt stærra land en tilheyrir jörðinni í dag.

Minjum í landi Dýrfinnustaða (og nágrennis s.s. Syðri-Brekknna) stafar helst hættu vegna framkvæmda, s.s. lagningu reiðvega og gerð ýtuslóða, auk almennrar jarðræktar.

Fornleifar í landi Hjarðarhaga

Heildarfjöldi fornleifa í Hjarðarhaga voru 15 og allar enn til staðar þótt ástandið væri misjafnt.

Hjarðarhagi er nýbýli byggt árið 1957, það eru því engar fornleifar sem tilheyra þeim bæ sem slíkum. Á jörðinni er hins vegar eldra býli, Brekkur, síðar nefnt Brekkukot, eða *Brekkukot ytra* til aðgreiningar frá samnefndu býli framar í Blönduhlíð. Bæjarhóll Brekkukots er óhreyfður en sögn er um að bærinn hafi brunnið skömmu eftir að síðustu ábúendur fluttu þaðan á fjórða áratug 20. aldar. Byggingaleifar á hólnum eru fremur illa farnar, þó er þar að finna leifar alls sem tilheyrt hefur litlu býli. Fast norðan við bæinn eru leifar fjóss, og um 30m ofar leifar fjárhúss með hlöðu, þá er matjurtagarður sunnan í bæjarhólnum og bæjarlækurinn rennur enn óhreyfður skammt norðan við bæjarhólinn. Annar lækur rennur sunnan við hólinn nærri öðru fjárhúsi, um 160m frá bænum. Ekkert þessara húsa er uppistandandi og minjarnar fremur illa farnar.

Tóftum í landi Hjarðarhaga stafar helst hætta vegna almennrar landnýtingar, ágangi búfjár og jarðræktar.

Minjar sem hafa sem henta vel til rannsókna eða kynningar

Bæjarhóllinn á Brekkukoti

Bæjarhólar eru í eðli sínu athyglisverðir staðir til rannsókna og geta gefið mikilvægar upplýsingar um lifnaðarhætti ábúendanna. Bæir voru gjarnan byggðir upp hvað eftir annað á sama stað tóftaleifar á yfirborði dragi því aðeins upp mynd af síðasta byggingarskeiði staðarins. Bæjarhóllinn á Brekkukoti er mjög umfangsmikill og óljóst að hve miklu leyti náttúrulegur. Þar gætu leynst margra alda uppsöfnuð lög mannvistarleifa, jafnvel lengra aftur en ritaðar heimildir bera með sér. Úr slíku verður þó ekki skorið án uppgraftar.

Ástand minja á báðum þessum jörðum takmarkar mjög möguleika á allri kynningu.

Niðurlag

Sýnilegar minjar á þessum jörðum eru einkum hefðbundnar búsetuminjar frá 19. og 20. öld, annars vegar smábýlisins Brekkukots í landi Hjarðarhaga og hins vegar býlisins Dýrfinnustaða. Á Brekkukoti er enn heildstætt minjaumhverfi þótt minjarnar séu að vísu illa farnar, á Dýrfinnustöðum er hins vegar lítið eftir af sýnilegum minjum.

Skráning fornleifa er mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar. Þess ber einnig að geta að minjar geta leynst neðanjarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

Heimildaskrá

BS IV - *Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur*. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

JÁM IX - Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Landamerkjabréf Dýrfinnustaða, dags. 10. nóvember 1921.

Landamerkjaskrá fyrir Brekkukot, frá árinu 1890.

Skýrsla Fasteignamatsnefndar Skagafjarðarsýslu 1966.

Sturlunga Saga I. Reykjavík; Svart á hvítu, 1988.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, II. Skagafjarðarsýsla. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri. 1954.

Túnakort. Brekkukot í Akrahreppi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort. Dýrfinnustaðir 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

ÖGM - Örnefnaskrá Dýrfinnustaða. Gísli Magnússon skráði, 1973. Örnefnastofnun Íslands.

ÖMJ - Örnefnaskrá Brekkukots. Margeir Jónsson skráði, 1936. Örnefnastofnun Íslands.

ÖMJ - Örnefnaskrá Dýrfinnustaða. Margeir Jónsson skráði, 1936. Örnefnastofnun Íslands.

ÖRI - Örnefnaskrá Dýrfinnustaða. Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.

ÖRI - Örnefnaskrá Hjarðarhaga (áður Brekkukots Ytra). Rósmundur Ingvarsson skráði, 2005. Örnefnastofnun Íslands.

Fylgiskjöl

Dýrfinnustaðir

Kt.	Nr.	Tegund	Hutverk	Sérheiti	Hættumat	Hættuorsök	Tímabil	Austun	Norðun	bls.
10540	1	Heimild*	Bær	Dýrfinnustaðir	Lítill hætta	Ábúð**	13. - 20. öld	484036	573209	12
10541	2	Heimild	Fjós		Lítill hætta	Ábúð	? - 20. öld	484058	573216	13
10542	3	Lægð	Fjárhús	Lambhúsgerði	Lítill hætta	Ábúð	? - 20. öld	484050	573295	13
10543	4	Hleðsla	Fjárhús	Ærhúsgerði	Lítill hætta	Ábúð	? - 20. öld	483935	573364	14
10544	5	Lægð	Peningshús		Lítill hætta	Ábúð	? - 20. öld	484130	573262	15
10545	6	Heimild	Heimreið		Engin hætta		? - 20. öld	483995	573262	16
10546	7	Heimild	Fjárhús	Sauðhúsgerði	Lítill hætta	Ábúð	? - 20. öld	484114	573203	16
10547	8	Heimild	Brunnur		Lítill hætta	Ábúð	? - 20. öld	484112	573223	17
10548	9	Lækur	Vatnsból/Bæjarlækur	Bugalækur	Engin hætta			484078	573215	17
	10	Heimild	Mylla		Lítill hætta	Ábúð	19. - 20. öld			18
10549	11	Tóft	Stekkur/Kvíar/Rétt		Nokkur hætta	Umferð	? - 20. öld	484288	573390	19
	12	Heimild	Hesthús				? - 20. öld			20
	13	Varða	Landamerki				? - 20. öld			20
	14	Varða	Landamerki				? - 20. öld			20
	15	Steinn	Landamerki				? - 20. öld			21
	16	Heimild	Nautahlaða				13.öld			21

*Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi. Þar með verður að setja ákveðinn fyrirvara á nákvæmni staðsetningarhnita í þeim tilfellum.

** Ábúð sem skilgreining á hættuorsök nær yfir allar mögulegar framkvæmdir tengdri ábúð á jörðinni, s.s. byggingaframkvæmdir, jarðvinnslu og almenna landnýtingu.

Skilgreiningin "þekktar minjar" nær jafnt yfir minjar sem sýnilegar eru á yfirborði og minjar sem leynst geta undir sverði en heimildir eru um á

Engin hætta: Engar þekktar minjar geta orðið fyrir skemmdum

Lítill hætta: Engin fyrirsjánleg hætta steðjar að þekktum minjum á staðnum.

Nokkur hætta: Líkur eru á að þekktar minjar verði fyrir skemmdum.

Mikil hætta: Fyrirsjánlægt að minjar verði fyrir skemmdum eða eyðileggingu ef ekkert er aðhafst.

Þar sem hættumatsreiturinn er auður er staðsetning minjanna óljós eða of ónákvæm til að hægt sé að meta hættuna.

Hjarðarhagi / Brekkukot (Ytra)

Kt.	Nr.	Tegund	Hutverk	Sérheiti	Hættumat	Hættuorsök	Tímabil	Austun	Norðun	bls.
10550	1	Tóftir	Bær	Brekkukot (Ytra)	Lítill hættu	Ágangur búfjár	15. - 20. öld	484437	572962	25
10551	2	Tóft	Óþekkt/Fjós		Lítill hættu	Ágangur búfjár	? - 20. öld	484435	572974	26
10552	3	Lægð	Óþekkt/heytóft		Lítill hættu	Ágangur búfjár	? - 20. öld	484442	572976	27
10553	4	Garðlag	Óþ./Matjurtagarður		Lítill hættu	Ágangur búfjár	? - 20. öld	484437	572941	28
10554	5	Tóft	Óþ./fjárhús m. hlöðu		Lítill hættu	Ágangur búfjár	? - 20. öld	484468	572997	29
10555	6	Niðurgroftur	Óþekkt		Engin hættu		?	484468	573011	30
10556	7	Lækur	Vatnsból		Engin hættu			484467	573014	31
	8	Heimild	Varða				? - 20. öld			33
	9	Heimild	Varða				? - 20. öld			34
	10	Heimild	Vörður				? - 20. öld			34
10557	11	Fornleifafundur	Kvarnarsteinn		Engin hættu		? - 20. öld	484486	573024	31
10558	12	Garðlag	Óþekkt		Lítill hættu	Ágangur búfjár	? - 20. öld	484491	573001	32
10559	13	Tóftir	Peningshús	Gerði	Lítill hættu	Ágangur búfjár	? - 20. öld	484415	572781	32
10560	14	Heimreið	Gata		Engin hættu		? - 20. öld	484395	573033	29
	15	Heimild	Varða				? - 20. öld			35

*Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi. Þar með verður að setja ákveðinn fyrirvara á nákvæmni staðsetningarhnita í þeim tilfellum.

Skilgreiningin "þekktar minjar" nær jafnt yfir minjar sem sýnilegar eru á yfirborði og minjar sem leynst geta undir sverði en heimildir eru um á


Engin hættu: Engar þekktar minjar geta orðið fyrir skemmdum

Lítill hættu: Engin fyrirsjáanleg hættu steðjar að þekktum minjum á staðnum.

Nokkur hættu: Líkur eru á að þekktar minjar verði fyrir skemmdum.

Mikil hættu: Fyrirsjáanlegt að minjar verði fyrir skemmdum eða eyðileggingu ef ekkert er aðhafst.

Þar sem hættumatsreiturinn er auður er staðsetning minjanna óljós eða of ónákvæm til að hægt sé að meta hættuna.



Dýrfinnustaðir

Brekukot

Hjarðarhagi



0 25 50 100 150 200 M

© Byggðasafn Skagfirðinga



Byggðasafn Skagfirðinga
2008